Borgarholtsskóli

GRA2A05

Námsáætlun, vorönn 2024

Kennari	Netfang/netföng
Ragnhildur Ragnarsdóttir	ragnhildur.ragnarsdottir@borgo.is

Lýsing:

Áfanginn miðar að því að kenna grundvallaratriði grafískrar hönnunar með fjölbreyttum æfingum og verkefnum. Áhersla er á að nemandinn þrói skýrar og merkingarbærar hugmyndir að verkum til útfærslu með athugunum, hugmyndavinnu og skissugerð. Unnið verður með formræna þætti leturs, ólíkar leturgerðir og samspil og niðurröðun leturs og mynda á myndfletinum í þeim tilgangi að móta skýra merkingu og heildaráhhrif. Umræður og greining á eigin verkum, verkum samnemenda og þekktra hönnuða skipa stóran sess í áfanganum.

Þekking, leikni, hæfni:

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- þróun hugmynda við útfærslu grafískra verka.
- formrænum þáttum ólíkra leturgerða og áhrifum þeirra á merkingu.
- röðun og uppbygging myndrænna þátta í uppbyggingu verka.
- helstu hugtökum grafískrar hönnunar og notkun þeirra við greiningu verka.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- móta skýrar hugmyndir við útfærslu verka.
- nýta eiginleika ólíkra leturtegunda við útfærslu hugmynda.
- raða saman myndrænum þáttum á myndfleti, s.s. texta og myndum á merkingarbæran og áhrifaríkan hátt.
- nota fjölbreyttar aðferðir og tæki við útfærslu hugmynda, s.s. skissubækur, penna, blýanta, liti og forrit grafískrar hönnunar.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- hanna eigin verk af skýrleika, áræðni og frumleika.
- leysa fjölbreytt verkefni í grafískri hönnun af fagmennsku.
- koma hugmyndum og skilaboðum á framfæri af innsæi, tilfinningu og þekkingu á grafískri hönnun.

Námsmat: 100%

1. Túlkun orða með letri: **15%**
2. Merki / lógó: **20%**
3. Sköpun teiknimyndapersónu: **20%**
4. Nútímastofa: **5%**
5. Plakat í anda tímabils í leikhúsi eða kvikmynd: **20%**
6. Umbúðir: **20%**

Mat á hverju verkefni fyrir sig er þríþætt:

- **Verkferli 20%:** Hugmynda- rannsóknar- og skissurvinna
- **Verkið sjálft 50%:** Frumleiki hugmynda, skýrleiki í framsetningu, myndhugsun, leturnotkun, myndbygging, litanotkun og framsetning til kynningar á verki.
- **Ástundun 30%:** Vinnusemi í tímum og framfarir ásamt kynningum og umræðum um eigin verk og annarra.

Verkin þurfa að vera unnin í tímum. Kennari getur ekki metið verkefnið til einkunnar ef ekki er sýnileiki að vinnslu verkefnisins.

Öll verkefni skulu unnin á íslensku nema að ástæða sé til annars og þá í samráði við kennara.

Námsgögn:

Öll verkefni og skil á verkefnum fara fram á Innu nema annað sé tekið fram í verkefnalýsingu.

Verkefnum skal skila sem PDf nema annað sé tekið fram.

Nauðsynlegt er að vera með skissubók. Einnig er gott að vera með eigin blýanta, tússpenna, reglustiku og nokkra liti. Helstu forrit sem eru notuð í áfanganum: Adobe Illustrator og Adobe Photoshop.

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Skólasókn: Nemendur skulu sækja allar kennslustundir og koma stundvíslega til kennslu. Gerð er lágmarkskrafa um 85% skólasókn í áfanganum.

Seinkomur og fjarvistir: Komi nemandi of seint í kennslustund er skráð seinkoma. Tvær seinkomur jafngilda einni fjarvist. Ef liðnar eru meira en 10 mínútur af kennslustund er skráð fjarvist.

Verkefnaskil: Mikilvægt er að skila verkefnum á réttum tíma til að fá þau metin til einkunnar. **Verkefni þurfa að vera unnin i tíma.** Eftir að skilafresti er lokið er ekki tekið á móti verkefnum nema í samráði við kennara.

Ef um forföll eða veikindi eru að ræða á að tilkynna þau á Innu og eða skrifstofu.

Farsímar: Ekki er leyfilegt að nota farsíma uppi við í kennslustundum nema í þágu verkefnis**.**

Skólinn tekur ekki ábyrgð á að geyma verkefnin. Nemendur þurfa að taka vinnumöppu og verkefni með sér í lok annar.

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats-þættir
1	5. jan	Kynning á grafískri hönnun og áfanganum.	
2	8.-12. jan	V1. **Túlkun á orðum með letri**	**15%**
3	15. - 19. jan	V1. **Túlkun á orðum með letri**	
4	22.-26. jan	V1. **Túlkun á orðium með letri**	
5	29. jan-2. feb.	V2. **Merki (lógó)**	**20%**
6	5.-9. feb.	V2**. Merki (lógó)**	Skóhlífadagar 7.-8. feb. U og Ú 9. feb.
7	12.- 6. feb.	V2. **Merki (lógó)**	Vörðuvika I
8	19.-23. feb.	V2. **Merki (lógó)**	Vorhlé 19.-20. feb. (mán og þri)
9	26. feb.–1. mars.	V3. **Sköpun teiknimyndapersónu**	**20%.** Starfsþróunardagur 1. mars.
10	4.-8. mars	V3. **Sköpun teiknimyndapersónu**	
11	11.-15. mars	V3. **Sköpun teiknimyndapersónu**	
12	18.-22. mars	V4. **Nútímastofa, hönnun á boli og límmiða**	**5%** U og Ú 18. mars. Vörðuvika II.
13	25. mars-1. apr	PÁSKALEYFI	
14	2.–5. apr	V5. **Plakat í anda tímabils í leikhúsi eða kvikmynd**	**20%**
15	8.– 12. apr	V5. **Plakat í anda tímabils í leikhúsi eða kvikmynd**	
16	15.-19. apr.	V5. **Plakat í anda tímabils í leikhúsi eða kvikmynd**	
17	22.–26. apr	V6. **Umbúðir**	**20%** Sumardagurinn fyrsti 25. apríl
18	29. apr– 3. maí	V6. **Umbúðir**	Dagur verkalýðsins 1. maí
19	6.– 0. maí	V6. **Umbúðir**	Uppstigningadagur 9. maí
20	13.-17. maí	V6. **Umbúðir**	Síðasti kennsludagur 17. maí

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.